

mott 29.01.10

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

Giljum 25. jan. 2010

Undirrituð ábúendur á Giljum og eigendur Fjósa gera hér með athugasemdir við gönguleiðir á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Gönguleið G-3 Steig –Gæsavatn liggur um þvert og endilangt beutiland okkar sem í dag er nýtt til sumarbeitar fyrir 1600 fjár.

Umferð ferðamanna í heiðarlöndum mun valda búrekstri á Giljum umtalsverðu tjóni vegna ónæðis í högum. Landið sem um ræðir er skilgreint í skipulaginu sem landbúnaðarland en ekki sérstaklega til annara nota. Við höfnum því alfarið tiltekinni gönguleið.

Fyrir liggur álit Búnaðarfélags Hvammshrepps, tekið fyrir í Skipulags og byggingar-nefnd 10 apríl 2008, þar sem nefndri gönguleið er mótmælt. Þar kemur einnig fram að við skipulagningu gönguleiða beri að gæta þess að réttur bænda vegna beitarhagsmuna sé ekki fyrir borð borinn.

Ekki var haft samráð við undirrituð vegna gönguleiðarinnar og tækifæri til þess að koma skoðunum á framfæri því mjög takmörkuð.

Gönguleiðin er ný leið og hefur enga skírskotun í gamlar heimildir ss.þjóðleiðir. Standi til að beina umferð á nýjar leiðir verður það ekki gert án samþykkis landeiganda. Almenningsi er heimil för um landið samkv. Náttúruverndarlögum nr. 44/1999. en ber að sýna hagsmunum landeiganda tilitssemi sbr. 13.gr. Niðurlagningu göngustíga í einkalandi í óþökk landeiganda ber að líta á sem framkvæmd sem falli undir vegalög. Slíkt verði ekki unnið nema með eignarnámi. Hér vísast í álit lögfræðings Mýrdalshrepps dags. 12. des 2007. (sjá fylgiskjal)

Virðingarfyllst.

*Pjetur P. Gunnarsson*  
021065-2939

*Birna K. Pétursdóttir*  
141262-4839



## MINNISBLAÐ

**Til:** Sveins Pálssonar, sveitarstjóra Mýrdalshrepps

**Frá:** LEX lögmennsstofu / Karli Axelssyni hrl. / Dýrleifu Kristjánsdóttur hdl.

**Dags:** 12. desember 2007

**Efni:** Fyrirspurn dags. 6. desember 2007 um göngu- og reiðleiðir um einkaland

Fram kemur í fyrirspurn að unnið sé að gerð aðalskipulagstillögu þar sem m.a. er gert ráð fyrir göngu- og reiðleiðum sem að hluta til fari yfir land sem er í einkaeigu. Þá sé áhugahópur að undirbúa útgáfu göngu- og reiðleiðakorts þar sem þessar leiðir séu sýndar og hnitsettar. Sveitarfélagið er aðili að þessum hópi. Spurt er hvort sveitarfélagið geti skipulagt umræddar leiðir án þess að taka tillit til andmæla landeigenda nema sérstök rök komi til og áhugahópurinn gefið út kort án þess að til bótaskyldu komi. Tekið er fram að gönguleiðir séu að mestu um afrétti og heiðarlönd og einn bóndi telji að sauðfé stafi hætta af og muni flykkjast til byggða vegna göngufólks. Óskað var frekari upplýsinga hjá sveitarstjóra varðandi það hvort um væri að ræða leiðir sem nú þegar væru til eða hvort ráðast ætti í gerð nýrra leiða/stíga. Sveitarstjóri upplýsti að, að stærstum hluta væri um að ræða nýjar göngu- og reiðleiðir en ekki stæðu til neinar verklegar framkvæmdir vegna þessa.

Rétt er að taka fram að ef ráðist er í einhverjar verklegar framkvæmdir og leggja nýja stíga til göngu eða reiðar um einkaland verður það ekki gert nema með samkomulagi við landeiganda. Náist ekki samkomulag er í vegalögum, bæði núgildandi, nr. 45/1994, og viðtakandi vegalögum, nr. 80/2007, gert ráð fyrir að eignarnám sé mögulegt.

Að mati okkar skiptir máli hvort um er að ræða stíga/leiðir sem nú þegar eru til eða hvort verið er að leggja til sérstakar leiðir um einkaland án samþykkis eiganda og jafnvel í andstöðu við hann, jafnvel þótt engar verklegar framkvæmdir standi til. Ef stígur/leið er nú þegar óumdeilanlega til staðar, t.d. þannig að sjáist í landslagi og/eða er getið í heimildum verður að telja að heimilt sé að gefa út kort þar sem stígur þessi eða leið kemur fram og jafnframt að gera grein fyrir umræddum stíg á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags. Ef stígur/leiðir eru nú þegar þekktar er í raun bara verið að skjalfesta staðreyndir. Ef leiðin er byggð á heimildum en sést ekki lengur er hins vegar rétt að taka fram að svo sé. Um rök fyrir þessari niðurstöðu má vísa til þess annars vegar að skv. náttúruverndarlögum nr. 44/1999, sbr. III kafla laganna, er almenningi heimil för um landið, bæði gangandi og ríðandi, en er skv. 13. gr. laganna skylt að sýna landeiganda fyllstu tillitssemi, virða hagsmuni landeiganda, m.a. vegna búpenings eða ræktunar, þar á meðal skógræktar og landgræðslu og fylgja leiðbeiningum landeiganda og fyrirmælum varðandi ferð og umgengni um landið. Þegar farið er ríðandi skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og unnt er. Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 400/1998 skal á

sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags gera grein fyrir gömlum þjóðbrautum og göngu-, hjólréiða- eða reiðstígum, þegar til staðar eða fyrirhuguðum.

Standi til að beina umferð tiltekna nýja leið horfir það öðruvísi við og verður að mati okkar ekki gert án samþykkis landeiganda. Bæði verður þar að horfa til áður tilvitnaðrar 13. gr. náttúruverndarlaga þar sem fram kemur að skylt sé að fylgja leiðbeiningum/fyrirmælum landeiganda við för um landið og jafnframt til þess að ekki er loku fyrir það skotið að unnt sé að líta á slíkar leiðbeiningar sem de facto stígagerð sem falli undir vegalög og verði þannig ekki gerð án samþykkis eða með eignarnámi.

Heppilegast verður að telja að samvinna náist með öllum vegna þessa enda geta hagsmunir landeigenda farið saman við hagsmuni áhugahópsins í ljósi þess að mönnum er frjálts för um landið og æskilegt kann að vera að stýra henni. Æskilegt væri þannig að skriflegt samþykki allra fyrir útgáfu korta lægi fyrir, a.m.k. vegna nýrra leiða, en eins og fyrr segir skal á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags gera grein fyrir stígum, þegar til staðar eða fyrirhuguðum, þannig að ef samþykki liggur fyrir vegna gerðar korts af nýjum stígum þarf ekki sérstakt samþykki til að þeir séu sýndir á skipulagi.

KAX/DK